



Nefndarálit vælfærdarnefndar um

Þingmannatillögu um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti

1. Tillaga nefndarinnar

Vælfærdarnefndin styður tillögu flokkahóps miðjumanna, A 1644/vælfærd, um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti með því að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir aukinni þekkingu og bættri meðferð við fíkn, og

að hún taki frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um klínískar rannsóknir á misnotkun fíkniefna;

að Norræna ráðherranefndin/ráðherrann á sviðinu leggi árlega fram skýrslu á viðeigandi vettvangi um norrænt samstarf á sviði fíknivanda.

2. Forsaga

Vælfærdarnefnd hefur borist tillaga flokkahóps miðjumanna, A 1644/vælfærd, og fjallaði nefndin um tillöguna á sumarfundi sínum þann 22. júní 2015.

Í febrúar 2015 stóð vælfærdarnefndin fyrir málþingi í Stokkhólmi, þar sem fræðimenn og sérfræðingar frá öllum Norðurlöndunum komu saman og ræddu möguleika á því að þróa norrænt samstarf á sviði fíknimeðferðar. Þátttakendur voru afar áhugasamir og hafa nú lagt til aðgerðir sem kynnu að efla samstarfið.

Einnig hefur vælfærdarnefnd unnið lengi að tilmælum 36/2012, sem varða lýðheilsustefnu í áfengis- og tóbaksmálum.

Misnotkun fíkniefna er ekki stórt vandamál frá lýðheilsusjónarmiði, þar sem tiltölulega lítill hluti almennings glímir við slíkan vanda. Engu að síður telur vælfærdarnefnd að samhengi sé á milli þessara tveggja sviða og að tillögurnar tvær geti því stutt hvor við aðra.

3. Sjónarmið nefndarinnar

Markmiðið með tillögunni er að efla þekkingu á fíknimeðferð og meðferðarúrræði í löndunum. Þetta má gera á vettvangi rannsóknatengslaneta, þar sem hægt er að skiptast á þekkingu, nýjum upplýsingum og góðum starfsháttum. Höfundar tillögunnar benda á að markmiðið sé að veita stefnumótandi aðilum og öðrum, sem eiga hagsmuna að gæta, nýja og mikilvæga þekkingu og ennfremur að bæta meðferðarúrræði, skapa sameiginlegt rannsóknaumhverfi og byggja upp rannsóknagetu á öllum Norðurlöndum.

Norðurlandaráð hefur áður fjallað um fíknivanda í löndunum, síðast árið 2009 þegar tilmæli 21/2009/medborger um Norræna áætlun gegn fíkniefnum og rannsóknarverkefni voru til umfjöllunar. Þá var lögð áhersla á að samþykkja stefnu, úthluta rannsóknarstyrkjum á sviðinu og samræma aðgerðir stjórnvalda ríkjanna á sviði forvarna og meðferðar við fíknivanda. Markmiðið var að leggja áherslu á bestu starfsvenjur til að draga úr fjölda fíkla á eins skilvirkan hátt og unnt væri. Norræna ráðherranefndin vísaði þá til þess að mikið norrænt samstarf fer fram á þessu sviði og að regluverk fyrir sviðið er að finna í alþjóðlegum skjölum, m.a. samningum Sameinuðu þjóðanna sem fjalla um fíkniefni og Norðurlöndin hafa undirritað, en þar er lagt bann við allri notkun fíkniefna nema til lækninga eða í vísindaskyni.

Bent var á að vitanlega væri samhengi til staðar milli banns við notkun fíkniefna og fíknimeðferðar, þar sem þetta væru nátengd fyrirbæri. Norræna ráðherranefndin fjallaði um tilmæli Norðurlandaráðs á vordögum 2009 og lagði fram skriflega skýrslu í desember sama ár.

Í skýrslunni er sagt frá „Nordisk Narkotikaforum“, óformlegum vettvangi á vegum ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) þar sem fulltrúar viðkomandi yfirvalda í löndunum gátu rætt um forvarnir, meðferðarúrræði og eftirlit. Nordisk Narkotikaforum efnir árlega til funda þar sem skipst er á reynslu, og telur slíkt samstarf árangursríkara en mótun stefnu. Því ákvað Norræna ráðherranefndin að fylgja tillögu Norðurlandaráðs ekki nánar eftir að sinni.

Borgara- og neytendanevnd var sátt við það starf sem fram fór á vegum ráðherranefndarinnar og afskrifaði tilmælin.

Skrifstofan hefur spurst fyrir hjá ráðherranefndinni hvort þessi vettvangur sé enn til staðar og mun svo vera. Fundir eru haldnir árlega, en Norræna velferðarmiðstöðin sér um stjórnsýsluna.

Fíknivandi er innanríkismál og höfundar tillögunnar telja að birtingarmyndir hans séu um margt líkar í löndunum, þó að þau fari stundum ólíkt að í baráttu sinni við vandann. Velferðarnefndin telur einsýnt að það skapi virðisauka og norrænt notagildi að löndin kynni sér styrkleika og árangursrík tæki hvert annars og deili niðurstöðum rannsókna sem unnar eru í samstarfsnetum um klínískar rannsóknir.

4. Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindu styður velferðarnefnd þingmannatillögu A 1644/velfærd um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti með því að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir aukinni þekkingu og bættri meðferð við fíkn, og

að hún taki frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um klínískar rannsóknir á misnotkun fíkniefna;

Norðurlandaráð

A 1644/vælfærd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00112-9

að Norræna ráðherranefndin/ráðherrann á sviðinu leggi árlega fram skýrslu á viðeigandi vettvangi um norrænt samstarf á sviði fíknivanda.

Norðurlandaráð

Ósló, 9. september 2015

Aleqa Hammond (S)
Arja Juvonen (saf), Finnlandi
Bente Stein Mathisen (H)
Cassandra Sundin (SD)
Jan Erik Messmann (DF),
varaformaður

Karen J. Klint (S)
Katri Kulmuni (cent)
Krista Mikkonen (gröna)
Lennart Axelsson (S)
Sonja Mandt (A)

A 1644/välfärd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00112-9